

# Niðurstöður hluthafafundar Solid Clouds hf. 30. maí 2025

**Á hluthafafundi Solid Clouds hf. sem lauk nú um kl. 14:15 30. maí 2025, var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um breytingu á heimild stjórnar til hækkunar á hlutafé félagsins.**

Þar með hafa öll skilyrði verið uppfyllt samkvæmt áskriftarloforðum sem félagið hefur fengið fyrir útgáfu að 200.607.335 hlutum á genginu 1,5 eða sem nemur 300.911.005 krónum.

Líkt og áður var upplýst er markmið fjármögnunar að styrkja fjárhagsstöðu félagsins og styðja við áframhaldandi vöxt og þróun leiksins Starborne: Frontiers.

Verðbréfamiðlun Íslandsbanka annaðist ráðgjöf um sölu hlutafjár félagsins og Lagahvoll veitti lögfræðilega ráðgjöf.

**Fyrir frekari upplýsingar hafið samband við**

---

#### Fjárfestatengsl:

Stefán Þór Björnsson

[stefanbjo@solidclouds.com](mailto:stefanbjo@solidclouds.com)

#### Viðhengi

---

[Niðurstöður hluthafafundar Solid Clouds hf. 30. maí 2025](#)